

Matvælaráðuneytið  
Borgartún 26  
105 Reykjavík

Mál nr. 182/2023  
Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 3. nóvember 2023

## Umsögn stjórnar Landverndar um uppbyggingu og umgjörð lagareldis til 2040

Stjórn Landverndar fagnar því að í fyrsta sinn komi fram stefna í lagareldi, til að tryggja umhverfi, vistkerfi og náttúru og stuðla að sjálfbærri nýtingu. Aðgerðir stjórnvalda byggðar á stefnunni koma vonandi í veg fyrir að fleiri gerðir lagareldis en sjókvíaeldi valdi umhverfinu stórtjóni. Skrifa þarf inn í stefnuna frekari varnagla um hvernig takmarka á tjón af sjókvíaeldi sem þegar er til staðar. Jafnframt þarf að endurskoða atriði í stefnunni þar sem sjókvíaeldi er lýst sem mikilvægri atvinnugrein til framtíðar.

### Hættur stjórnleysis

Sjókvíaeldi á laxi hefur vaxið veldisvexti og farið úr 1.000 tonnum í 50.000 tonn á tíu árum, frá 2012 – 2022. Leyfi hafa þegar verið gefin fyrir meira en tvöfaldri framleiðslu frá því sem nú er, eða 103.000 tonnum. Stefna í lagareldi er liður viðbragði við víðtækri úttekt Ríkisendurskoðunar þar sem skoðuð var stjórnsýsla allt frá undirbúningi löggjafar og setningu afleiddra reglna til eftirlits með starfsemi fyrirtækja í greininni. Niðurstöður Ríkisendurskoðunar voru sláandi.

*„Stjórnsýsla og eftirlit með sjókvíaeldi hafa reynst veikburða og brotakennd og ekki í stakk búin til að takast á við aukin umsvif greinarinnar á síðustu árum. Breytingum á lögum um fiskeldi hefur ekki verið fylgt eftir með styrkingu stjórnsýslu og eftirlits stofnana.“* Segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá því í maí.

Þetta sannaðist svo um munaði við umhverfisslysið hjá Arctic Fish þegar frjóir laxar úr eldi sluppu og fóru í ár á margföldu því svæði sem sjókvíaeldið hafði talið hættu á.

### Rifist um forsendur og staðreyndir

Við úttekt Ríkisendurskoðunar kom fram að stuðull sem Hafrannsóknastofnun ákvað að notast við í áhættumati erfðablöndunar **væri í reynd kominn frá hagsmunaaðilum úr greininni**. Eftir umhverfisslysið í haust þegar lax slapp úr kvíum, er ljóst að verulegur ágreiningur er um afleiðingar þess sem gerðist. Þá er sérstaklega deilt um erfðablöndun. Talsmenn sjókvíaeldisins gera lítið úr slysinu, meðan aðrir hagsmunaaðilar og náttúruverndarsamtök sjá atburðinn sem stórfellt umhverfisslys. Ljóst er að forsendurnar sem sjókvíaeldið hefur verið byggt á standast ekki skoðun. Því er nauðsynlegt að staldra við og leyfa náttúrunni að njóta vafans.

## Ofvöxtur og stórskalaframkvæmdir ógna náttúru

Ofvöxtur og stórskalaframkvæmdir allra greina lagareldis hljóta óhjákvæmilega lífríki og náttúru, en fleiri slíkar eru í örum vexti. Má þar nefna þörungavinnslu þar sem eftirspurn er hratt vaxandi. Um hana má sjá þessa sviðsmynd í Fiskifrétum. „*framleiðsla stórþörunguna og smáþörunguna aukist úr 115.000 tonnum upp í 273.000 tonn. Þessi mikla framleiðsla geti mögulega skilað af sér 430 milljarða króna söluverðmætum og skapað ríflega 12.000 störf.*“ – Ekki er þess að neinu getið hver áhrif svo mikils eldis gætu verið á náttúruna. Landvernd hvetur til að skorður á stórskalaframkvæmdir verði skrifaðar inn í skýrslu um lagareldi til þess að tryggja vernd vistkerfa, líffræðilega fjölbreytni og náttúru lands og sjávar betur en hingað til hefur verið gert.

Mikilvægt er að nýfengin reynsla af stjórnleysi, þekkingarskort og alltof hraðri uppbyggingu í sjókvíaldri skili sér að fullu inn í stefnuna með öllum þeim varúðarreglum sem þarf að viðhafa þegar ný atvinnugrein vex og þróast. Það er grundvallaratriði að faglegar forsendur, óháð mati hagsmunaaðila, séu að baki varúðarreglum og þeim skorðum sem setja þarf þegar byggðar eru upp heilu atvinnugreinarnar í viðkvæmri náttúru.

## Niðurstaða

Stjórn Landverndar telur að þótt stefna um lagareldi sé mikið framfaraskref taki hún ekki að fullu á bráðavanda sjókvíaldis sem leitt hefur af sér umhverfisslys sem ekki sér fyrir endann á. Landvernd getur ekki tekið undir þá framtíðarsýn sem fram kemur í stefnunni að laxeldi í sjókvíum verði ein af stoðum atvinnulífs á Íslandi. Til þess þarf mjög margt að breytast og norsku sporin hræða, þar sem slyasleppingar eru enn stórt vandamál og villtum laxastofnum hefur hnignað mjög. Hvað aðrar greinar lagareldis varðar er mikilvægt að stefnumótunin tryggi að engin atvinnugrein í lagareldi vaxi stjórnlaust, engar greinar lagareldis styðjist við óburðuga stjórnsýslu, lélegt eftirlit og skort á rannsóknum. Þá er margsannað að rannsóknir og áhættumat hagsmunaaðila duga ekki og á því þarf að taka sérstaklega.

Heimildir:

<https://rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2023-stjornsysla-fiskeldis.pdf>

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0049.html>

<https://fiskifrettir.vb.is/verdmaetaskopun-gaeti-margfaldast/>